

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Ólöf R. Káradóttir
Ármúla 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2001


/--

**Efni: Tillaga að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð.
Umsagnir.**

Meðfylgjandi eru umsagnir bæjarstjórnar Garðabæjar dags. 14. ágúst 2001, Hafnarfjarðar dags. 22. ágúst 2001, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðist dags. 13. ágúst 2001, Hollustuverndar ríkisins dags. 15. ágúst 2001, samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins dags. 22. ágúst 2001, Þjóðminjasafns Íslands dags. 20. ágúst 2001 og Náttúruverndar ríkisins dags. 14. ágúst 2001.

Skipulagsstofnun óskar svara framkvæmdaraðila við meðfylgjandi umsögnum og athugasemd sem fyrst og eigi síðar en 28. ágúst 2001. Einnig óskast svör send í tölvupósti: sas@skipulag.is og frida@skipulag.is

Skipulagsstofnun vekur athygli á 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar sem fram kemur að taki framkvæmdaraðili sér lengri frest en 3 daga til að fara yfir fram komnar umsagnir skal hann tilkynna Skipulagsstofnun um það og lengist þá frestur Skipulagsstofnunar til að taka ákvörðun sem því nemur.


Sigurður Ásbjörnsson

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
KópavogssvæðisSkipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 Reykjavík.

Skipulags stofnun	
Mótt:	14 AUG. 2001 00.80 PS/ps Garðabær 13.8.2001
Málmr.	2001050084

Efni: **Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð –
Tillaga að matsáætlun.**

Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur borist erindi Skipulagsstofnunar dags. 2. ágúst s.l. þar sem óskað er umsagnar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um *tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð*. Tillagan var unnin fyrir Vegagerðina af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Eftirlitið hafði á fyrri stigum komið á framfæri athugasemdum og ábendingum til höfunda.

Ábendingar heilbrigðiseftirlits beindust að þremur þáttum; *vatnafari, samgöngum og hljóðvist*. Tillagan að matsáætlun tekur fyrir þá þætti sem eftirlitið taldi að nauðsynlegt yrði að kanna. Í sumum tilvikum virðast þó sem ekki sé nægjanleg áhersla lögð á þau atriði sem eftirlitið vildi að fram kæmi í matsáætlun. Athugasemdir heilbrigðiseftirlits eru eftirtaldar:

Athugasemdir heilbrigðiseftirlits varðandi vatnafar voru tvíþættar.

A. Bent var á að fiskur væri í læknum sem fellur úr Urriðakotsvatni og rennur að hluta til meðfram Reykjanesbrautinni. Gæta þyrfti sérstaklega í hönnun og við skipulag framkvæmda að líf í læknum skaðist ekki. Í tillögunni er ekki vikið að mótvægisáðgerðum til að tryggja að líf í læknum skaðist ekki við framkvæmdirnar. Ætla verður að á því verði tekið í áætluninni. (Einnig skal á það bent að áll gengur eftir læknum milli Urriðakotsvatns og sjávar svo fleiri fiskitegundir nýta vatnasviðið en eingöngu silungstegundir).

B Óskað var eftir því að gerð yrði grein fyrir afrennsli af Reykjanesbrautinni og bent á til samanburðar að vatn af Reykjanesbraut í Mjódd sé leitt í settjarnir. Æskilegt er að í matsskýrslu komi fram hvernig tekið verði á afrennsli frá Reykjanesbrautinni.

Heilbrigðiseftirlit gerði athugasemdir varðandi hljóðvist.

Vænta má að umferðarhávaði frá Reykjanesbraut gæti orðið verulegt vandamál í nærliggjandi íbúðabyggð ef ekki yrði gripið til raunhæfra mótvægisáðgerða. Í tillögunni er gerð grein fyrir þáttum sem athugaðir verða til að tryggja að hljóðstig fari ekki yfir samþykkt viðmiðunarmörk. Í flestum tilvikum leysir hönnun og gerð gatnamannvirkja og hljóðmana vandann en í ákveðnum tilvikum dugar það ekki og þar þarf að þrefalda glugga eða grípa til annarra áðgerða. Ekki eru gerðar athugasemdir við tillögurnar en ætlast verður til þess að í matsskýrslu komi fram hvaða hús eða íbúðir um er að ræða, til hverra mótvægisáðgerða þurfi að grípa á hverjum stað og hverjum beri að kosta þær framkvæmdir.

Heilbrigðiseftirlits gerði athugasemdir varðandi samgöngur.

Eftirlitið gerir engar athugasemdir varðandi þann kafla.

Virðingarfyllt,
f.h. heilbrigðiseftirlits


Páll Stefánsson
Páll Stefánsson
Heilbrigðisfulltrúi.





GARÐABÆR

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK



Garðabær, 14. ágúst 2001
Tilvísun: 2001080007

Efni: Tillaga að matsáætlun fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar þann 14. ágúst sl. var tekið fyrir bréf yðar um tillögu að matsáætlun fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, dags. 2. ágúst 2001.

Bæjarráð samþykkti tillöguna.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Guðfinna B. Kristjánsd.
Guðfinna B. Kristjánsdóttir,
upplýsingastjóri

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Mótt: 16 AUG. 2001	
Málnr. 2001050084	

14. ágúst 2001
Snr. 3241/MH

Efni: Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð – Tillaga að matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 2. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndar ríkisins um tillögu að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Náttúruvernd ríkisins gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina:

Efnistaka

Í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram hversu mikil efnisþörfin er vegna veglagningar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð. Einungis kemur fram að efni til framkvæmdanna verði tekið úr viðurkenndum námum á höfuðborgarsvæðinu og einnig er gert ráð fyrir að hægt verði að nota efni úr skeringum í fyllingar og burðarlög vegar. Áætlað er að uppgrafið efni sem ekki verður hægt að nýta við veglagninguna verði nýtt í aðrar framkvæmdir eða í landfyllingar á hafnarsvæði Suðurhafnar í Hafnarfirði.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að stofnunin hefur hvorki viðurkennt né samþykkt neinar námur á höfuðborgarsvæðinu. Að mati stofnunarinnar ætti í matsáætlun að koma fram að í matsskýrslu verði fjallað um efnistöku í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og lögð verði fram áætlun um efnistöku og frágang. Sýnd verði á kortum staðsetning og afmörkun efnistökusvæða sem koma til greina og eru viðurkennd eru af Vegagerðinni. Þannig gefst umsagnaraðilum kostur á að meta áhrif efnistökkunnar. Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að ekki verði opnaðar nýjar námur vegna vegaf framkvæmdanna.

Náttúruvernd ríkisins bendir einnig á að í matsskýrslu ber framkvæmdaaðilum að gera nákvæma grein fyrir meðferð á efni sem til fellur við framkvæmdirnar.

Landslagsvernd

Náttúruvernd ríkisins bendir á að í matsskýrslu skal gera grein fyrir hvaða áhrif framkvæmdirnar hafa á landslagsgerðir sem njóta skulu sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, t.a.m. eldhraun..

Að öðru leyti er það mat Náttúruverndar ríkisins að tillaga að matsáætlun nái til þeirra þátta er heyra undir umsagnarskyldu stofnunarinnar. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir en áskilur sér rétt til að setja fram athugasemdir og ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir


María Harðardóttir
sérfræðingur



Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY
OF ICELAND

Sigurður Ásbjörnsson
Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



15. ágúst 2001
Skjalanúmer: 47-16-01
Tilvisun: KG 0108-003

Efni: Tillaga að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð. Umsögn Hollustuverndar ríkisins.

Vísað er til erindis yðar, dags. 2. ágúst sl., þar sem óskað var eftir umsögn Hollustuverndar ríkisins á framangreindri tillögu í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hollustuvernd ríkisins vísar til umfjöllunar um samtengingu á mati á umhverfisáhrifum vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar í umsögn stofnunarinnar um nyrðri hluta framkvæmdarinnar.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að fyrirhuguð tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð og breyting á legu brautarinnar hefur viðtæk áhrif á skipulag og mannlíf í Hafnarfirði, hljóðvist og mengun á aðlægum svæðum. Í gögnum framkvæmdaraðila er lýst framkomnum athugasemdum og endurspeglar þær hversu flókin framkvæmdin verður. Stofnunin leggur áherslu á að við matið verði ítarlega fjallað um hljóðvist umhverfis veginn með hliðsjón af hinum ýmsu útfærslum á veglinum, hljóðmönnum og öðrum aðgerðum. Fastlega má gera ráð fyrir að margir íbúar Hafnarfjarðar og aðrir munu hafa áhuga á að rýna í matsskýrslu og verður því að gera kröfu til þess að umfjöllun verði myndræn og skýr. Nýjasta tækni í kortavinnslu og landfræðilegum upplýsingakerfum eru hvað þetta varðar mikilvæg tæki.

Hollustuvernd ríkisins vill koma á framfæri eftirtöldum atriðum sem stofnunin telur að bæta þurfi við matsáætlun og kannað verði í matsvinnu umfram það sem lýst er í tillögu að matsáætlun og framkomnum athugasemdum:

- Í ljósi framkominna athugasemda telur Hollustuvernd ríkisins að í matsskýrslu ætti að bæta við þeim kosti að leggja Reykjanesbrautina í göng undir kirkjugarða Hafnarfjarðar.
- Fram hefur komið gagnrýni frá Olúfélaginu hf. vegna áhrifa framkvæmdarinnar á bensinstöð félagsins við Lækjargötu. Hollustuvernd ríkisins óskar eftir því að í matsskýrslu verði skýrð framtíð bensinstöðvarinnar, sýnd aðkoma að henni ef stöðin verður látin standa, eða staðsetning stöðvar og aðkomu ef hún verður flutt.

Hollustuvernd ríkisins

- Hollustuvernd ríkisins beinir því til framkvæmdaraðila að í matsferli verði kynntar fyrirhugaðar hjólréiðabrautir, gangstígar og þveranir fyrir göngufólk og aðra.

Hollustuvernd ríkisins leggur áherslu á að við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar verði gerð ítarleg könnun á hljóðstigi og dreifingu hávaða, bæði við framkvæmdir sem og eftir að þeim lýkur og með skýrum hætti því verði lýst hvernig uppfylltar verði kröfur gildandi reglugerða þar að lútandi.

Virðingarfyllst,


Helgi Jónsson
forstöðumaður


Kristján Geirsson
sérfræðingur



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

SA	Skipulags stofnun
Mótt: 22 AUG. 2001	
Málnr. 2001050084	

Garðabæ 20. ágúst 2001
Tilvísun: 2000110005

Efni: Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð. Tillaga að matsáætlun.

Þjóðminjasafn Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunnar frá 2. ágúst s.l. með ósk um umsögn um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.


Í umsögninni er stuðst við skýrslu Fornleifastofnunnar Íslands: *Fornleifakönnun við Reykjanesbraut*. Skýrslan er unnin af Oddgeiri Hanssyni. Í skýrslunni kemur fram að heimildir séu til um 8 minjastaði á framkvæmdasvæðinu og að 6 þeirra séu innan hættumarka. Á þrenur þessara staða hefur fornleifum þegar verið raskað vegna fyrri framkvæmda, götutroðningar (GK-172:029), Lækjargötubru (GK-172:017) og götutroðningur (GK-172:018). Á tveimur stöðum er ekki um eiginlegar mannvirkjaleifar að ræða, þetta eru Hvíldarbarð (GK-172:030), sem er forn áningarstaður, og Þjóðsögustaður (GK-172:031) þar sem sagt er að útburður hafi gengið aftur. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu tveggja síðast töldu staðanna. Það er því einungis á einum stað sem fornleifar sjást. Í Mosahlíð um 100 m suður af kirkjugarðinum og um 25 m norður af fyrirhuguðu vegastæði Ásbrautar sjást leifar svokallaðrar Dagmálavörðu (GK-170:067). Er fremur lítið eftir af vörðunni og það sem eftir er er gróið og sigið saman.

Dagmálavarða er eina fornleifin sem talist getur í hættu vegna framkvæmdanna. Varðan er ekki í fyrirhugaðri veglínu Reykjanesbrautar né Ásbrautar. Hún er engu að síður svo nærri framkvæmdasvæðinu að nauðsynlegt er að merkja hana svo hægt sé að varast að hún verði fyrir hnjaski af völdum vinnuvéla. Kringum kirkjugarðinn eru mannvirki og minjar tengdar kálgörðum og fjárbúskap í Öldunum, m.a. tveir torfkofar, hlaðnir kálgarðar og fjárhústóft skammt austur af SV-horni kirkjugarðsins. Þessar minjarnar eru frá því um miðja 20. öld og teljast því ekki til fornleifa skv. Þjóðminjalögum. Lögin kveða á um að minjar 100 ára og eldri teljist til fornleifa og njóti verndar sem slíkar. Þjóðminjavarslan getur því ekki bannað röskun þessara minja þótt bent sé á að þær kunni að hafa varðveislugildi sem minjar um garðyrkju og fjárbúskap Hafnfirðinga, sem nú er liðin undir lok. Verði ákveðið að fjarlægja þessar minjar eru það eindregin tilmæli Þjóðminjasafnsins að þær verði mældar nákvæmlega upp og kortlagðar áður.


Þjóðminjavarslan gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina. Bent skal á að í 13. gr. Þjóðminjalaga (nr.107/2001) stendur: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda*

hvilir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.


Virðingarfyllst



Kristinn Magnússon,
fornleifafræðingur



Bæjarverkfræðingur




Skipulagsstofnun
B.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði hefur borist ósk um umsögn vegna tillögu að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar í Hafnarfirði.

Engin athugasemd er gerð vegna tillögunnar.

Hafnarfirði, 22. ágúst 2001

Kristinn Ó. Magnússon
Kristinn Ó. Magnússon, bæjarverkfræðingur




Reykjavík, 22. ágúst 2001
2001030072
10.1
SH/ejb

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð - Tillaga að matsáætlun.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi matsáætlun.


Stefán Hermannsson,
formaður samvinnunefndar
um svæðisskipulag.

**Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.**

Ármúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 5000 • Bréfsími 569 5010

**Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK**

Tilv. yðar

Bréf yðar

Tilv. vor
bref-skip-310801.doc/fsDags.
31. ágúst 2001**Málefni: Tillaga að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um
Hafnarfjörð, frá Álftanesvegi að Ásbraut.**

Fyrir hönd framkvæmdaraðila sendi ég meðfylgjandi svör framkvæmdaaðila við
umsögnum og athugasemdum úr bréfum umsagnaraðila vegna ofangreinds verks.

Virðingarfyllst,

F.h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf

Flosi Sigurðsson

Afrít:

Jónas Snæbjörnsson, Vegagerðin
Magnús Einarsson, Vegagerðin
Helga Stefánsdóttir, Gatnadeild Hafnarfjarðarbæjar

Tillaga að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Álftanesvegi að Ásbraut.

Svör framkvæmdaraðila við athugasemdum úr bréfum umsagnaraðila vegna tillögu að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Álftanesvegi að Ásbraut.

Umsagnir og/eða athugasemdir hafa borist frá eftirtöldum:

<u>Umsagnaraðili</u>	<u>dags. umsagnar.</u>
1. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,	dags. 13. ágúst 2001.
2. Garðabær,	dags. 14. ágúst 2001.
3. Náttúruvernd ríkisins,	dags. 14. ágúst 2001.
4. Hollustuvernd ríkisins,	dags. 15. ágúst 2001.
5. Þjóðminjasafn Íslands,	dags. 20. ágúst 2001.
6. Hafnarfjarðarbær, bæjarverkfræðingur,	dags. 22. ágúst 2001.
7. Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu,	dags. 22. ágúst 2001.

Í eftirfarandi texta er fjallað um umsagnir og athugasemdir ofangreindra aðila og þeim svarað.

1. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Heilbrigðiseftirlitið kom á framfæri athugasemdum og ábendingum á fyrri stigum við vinnu að tillögu að matsáætlun. Ábendingar eftirlitsins beindust að *vatnafari*, *samgöngum* og *hljóðvist*. Að mati eftirlitsins tekur tillagan fyrir þá þætti sem eftirlitið taldi nauðsynlegt að yrðu kannaðir, en í sumum tilvikum hafi áhersla á þau atriði sem eftirlitið taldi nauðsynlegt að kanna ekki verið nægjanleg. Athugasemdir eftirlitsins nú eru eftirtaldar:

Varðandi *vatnafar* voru athugasemdir tvíþættar:

A. Gerð er athugasemd við að í tillögu að matsáætlun var ekki vikið að mótvægis- aðgerðum til að tryggja að líf í Urriðakotslæk skaðist ekki við framkvæmdir.

Framkvæmdaraðilar fengu Veiðimálastofnun til að gera úttekt á útbreiðslu og búsvæði fiska í vatnakerfi Hamarskotslækjar í Hafnarfirði. Niðurstöðum stofnunarinnar mun verða gerð skil í matsskýrslu. Gerð verður grein fyrir mögulegum mótvægis- aðgerðum.

B. Stofnunin óskar eftir að gerð verði grein fyrir afrennsli af Reykjanesbraut. Hún bendir á að æskilegt sé að í matsskýrslu komi fram hvernig tekið verði á afrennsli frá veginum.

Í matsskýrslu verður gerð grein fyrir afrennsli og afdrifum þess auk mögulegra mótvægis- aðgerða.

Stofnunin gerir ekki athugasemd við umfjöllun um *hljóðvist* í tillögunni, en bendir á að hún ætlast til að í matsskýrslu komi fram við hvaða hús eða íbúðir þurfi að grípa til sérstakra aðgerða vegna hljóðmengunar. Einnig að fram komi til hverra mótvægis- aðgerða þurfi að grípa á hverjum stað og hverjum beri að kosta þær.

Gerð verður ítarleg athugun á hljóðvist og henni gerð skil í matsskýrslu.

Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um *samgöngur* í tillögnum.

2. Garðabær

Bæjarráð Garðabæjar gerir engar athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð.

3. Náttúruvernd ríkisins

Athugasemdir Náttúruverndar ríkisins snúa að *efnistöku* og *landslagsvernd*.

Varðandi *efnistöku* bendir stofnunin á að hún hefur hvorki viðurkennt né samþykkt neinar námur á höfuðborgarsvæðinu. Að mati stofnunarinnar ætti í matsáætlun að koma fram að fjallað verði um efnistöku í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og lögð verði fram áætlun um efnistöku og frágang. Einnig að sýnd verði á kortum staðsetning og afmörkun efnistökusvæða sem koma til greina og viðurkennd eru af Vegagerðinni. Stofnunin leggur áherslu á að ekki verði opnaðar nýjar námur vegna framkvæmdanna. Bendir hún einnig á að í matsskýrslu ber framkvæmdaaðilum að gera nákvæma grein fyrir meðferð á efni sem til fellur við framkvæmdirnar.

Það er alveg skýrt af hálfu framkvæmdaraðila að einungis verður samþykkt að taka efni úr viðurkenndum námum sem uppfylla skilyrði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og annarra laga um námuvinnslu. Í samræmi við það breytist kafli 1.4 í tillögu að matsáætlun í:

1.4 Efnistaka

Efni til framkvæmdanna verður einungis tekið úr viðurkenndum efnisnámum höfuðborgarsvæðisins, skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, en ekki er mögulegt að tilgreina hvaða námur verða notaðar þar sem verkið verður boðið út. Er hér átt við þær námur sem eru í vinnslu í dag og þjóna höfuðborgarsvæðinu.

Gera má ráð fyrir að hægt verði að nota nokkuð af efni úr skeringum í fyllingar og jafnvel burðarlög vegar. Þá er gert ráð fyrir að uppgrafið efni sem ekki verður hægt að nýta í þessari framkvæmd verði nýtt í aðrar framkvæmdir eða í landfyllingu á hafnarsvæði Suðurhafnar í Hafnarfirði.

Í matsskýrslu verður gerð grein fyrir efnisþörf vegna framkvæmdarinnar og meðferð á efni sem til fellur við hana. Birtur verður listi yfir námur sem þjóna höfuðborgarsvæðinu og til greina kemur að sækja efni úr. Ekki er gert ráð fyrir að opnaðar verði nýjar efnisnámur vegna framkvæmdarinnar. Gerð verður krafa um að verktaki leggi fram áætlun um efnistöku og frágang efnistökusvæða.

Þar sem ekki liggur fyrir hvaða náma verður notuð verður ekki sýnd á kortum staðsetning og afmörkun efnistökusvæða sem til greina kemur að nota, þess aðeins krafist að þær séu samþykktar af verkkaupa og Náttúruvernd ríkisins. Eins verður ekki lögð fram áætlun um efnistöku og frágang, að öðru leyti en því að áætlað efnisþörf verður tilgreind.

Varðandi *landslagsvernd* bendir stofnunin á að í matsskýrslu skal gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á landslagsgerðir sem njóta skulu sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, t.a.m. eldhraun.

Í matsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á eldhraun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

4. Hollustuvernd ríkisins

Stofnunin bendir á tengingu framkvæmdarinnar við framkvæmdina tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammssvegi að Álftanesvegi, en sú framkvæmd er austan við og í beinu framhaldi af þeirri framkvæmd sem hér er til umfjöllunar. Fyrir liggur ákvörðun Vegagerðarinnar um að mat á umhverfisáhrifum vegna þessara framkvæmda verði tvö sjálfstæð verk. Hollustuvernd ríkisins telur t.a.m. að fram þurfi að koma upplýsingar um umferðarþróun á svæðinu í víðum skilningi þar sem lýst er áhrifum framkvæmdanna á umferð um Hafnarfjarðarveg og Fjarðarhraun með hliðsjón af umferð á Reykjanesbraut. Stofnunin spyr um nauðsyn þess að staðsetja gatnamót bæði við Molduhraun og Álftanesveg.

Í matsskýrslu verður fjallað um umferð á Hafnarfjarðarvegi eins og við á og á Fjarðarhrauni í tengslum við framkvæmdir við Reykjanesbraut. Gatnamót við Álftanesveg eru á Aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 og auk þess tenging til norðurs við Molduhraun og þess vegna gert ráð fyrir þessum tengingum við mat á umhverfisáhrifum.

Athugasemdir stofnunarinnar beinast að *öðrum kostum*, *Olúfélaginu hf.* og *göngu- og hjólaleiðum*. Stofnunin bendir á víðtæk áhrif framkvæmdarinnar á skipulag og mannlíf í Hafnarfirði, svo og hljóðvist og mengun. Hún leggur áherslu á að í matsskýrslu þurfi að fjalla ítarlega um hljóðvist umhverfis veginn. Jafnframt leggur stofnunin áherslu á að framsetning matsskýrslu verði myndræn og skýr.

Fjallað verður ítarlega um hljóðvist eins og fram kemur í efnislið 1 hér að framan. Umfjöllun verður með hefðbundnum hætti, myndræn eftir því sem kostur er.

Varðandi *annan kost* telur stofnunin að í matsskýrslu ætti að fjalla um þann kost að leggja Reykjanesbraut í göng undir Kirkjugarð Hafnarfjarðar.

Í matsskýrslu verður fjallað um þennan kost, en gerð var forathugun á jarðgöngum árið 1999.

Varðandi *Olúfélagið hf.* óskar stofnunin eftir að því að í matsskýrslu verði skýrð framtíð bensinstöðvar félagsins við Lækjargötu, sýnd aðkoma að henni ef stöðin verður látin standa, eða staðsetning stöðvar og aðkoma ef hún verður flutt.

Fjallað verður um lóð Olúfélagsins hf. að svo miklu leyti sem kostur er, en endanleg útfærsla á lóðarmörkum, staðsetningu bensinstöðvar innan lóðarinnar sem og aðkomu hefur ekki verið ákveðin.

Varðandi *göngu- og hjólaleiðir* beinir stofnunin þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að í matsferli verði kynntar fyrirhugaðar hjólreiðabrautir, gangstígar og þveranir fyrir göngufólk og aðra.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að göngu- og hjólaleiðir verða sameiginlegar. Í matsskýrslu verða þessum leiðum gerð skil, þ.m.t. þveranir gangandi og hjólandi vegfarenda á Reykjanesbraut.

5. Þjóðminjasafn Íslands

Í umsögn stofnunarinnar um fyrirhugaða framkvæmd kemur fram að Dagmálsvarða er eina fornleifin sem talist getur í hættu vegna framkvæmdanna og því nauðsynlegt að merkja hana svo hægt sé að varast að hún verði fyrir hnjaski af völdum vinnuvéla.

Ákvæði verða sett í útboðslýsingu þess efnis að ekki megi raska Dagmálsvörðu.

Einnig minnir stofnunin á að í kringum kirkjugarðinn eru mannvirki og minjar tengdar kálgörðum og fjárbúskap í Öldum. Þessar minjar teljast ekki til fornleifa og njóta því ekki verndar. Engu að síður beinir Þjóðminjasafnið þeim eindregnu tilmælum til framkvæmdaraðila að þær verði mældar nákvæmlega og kortlagðar ef ákveðið verður að raska þeim.

Hvorki eru uppi áform af hálfu framkvæmdaraðila um að mæla né kortleggja þessar minjar, en þær munu raskast verulega við framkvæmdirnar.

6. Hafnarfjarðarbær, bæjarverkfræðingur

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði gera engar athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð.

7. Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu gerir engar athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð.

Framkvæmdaraðili óskar eftir, verði athugasemdaaðilum heimilað að skila inn athugasemdum við greinargerð þessa, að honum verði veitt tækifæri til þess að andmæla þeim.

2001050084
1400; 1300; 9310Vegagerðin
Magnús Einarsson
Borgartúni 5 og 7
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. september 2001

/--

Efni: Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð. Matsáætlun. Niðurstaða Skipulagsstofnunar.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar að matsáætlun um tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 23. júlí 2001 tillaga að matsáætlun:

Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, júlí 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Gardabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Hollustuverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Náttúruverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Gardabæ dags. 14. ágúst 2001, Hafnarfjarðarbæ dags. 22. ágúst 2001, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 13. ágúst 2001, Hollustuvernd ríkisins dags. 15. ágúst 2001, samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins dags. 22. ágúst 2001, Þjóðminjasafni Íslands dags. 20. ágúst 2001 og Náttúruvernd ríkisins dags. 14. ágúst 2001.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 31. ágúst 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem fram koma í svörum framkvæmdaraðila í bréfi dags. 31. ágúst 2001 og með eftirfarandi athugasemdum.

Skýringar á kortum

Á meðfylgjandi kortum eru skýringar ófullnægjandi. Hvað þýða t.a.m. rauðar línur á mótum Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns? Hvað þýða bláar línur á svipuðum slóðum? Hvað þýða svartar línur? Í matsskýrslu verður að standa betur að framsetningu slíkra upplýsinga.

Lýsing á framkvæmd og öðrum kostum

Efnistaka. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 1.4 er fjallað um efnistöku. Upplýsingar um efnisþörf liggja ekki fyrir í tillögu að matsáætlun. Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að í matsskýrslu verði taldar upp þær námur sem komi til greina. Skipulagsstofnun vekur athygli á að efnistaka úr námum vegna framkvæmdarinnar kann að vera tilkynningarskyld sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Sé svo kann að þurfa að vinna sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir hvern efnistökuastað.

Lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum

Fyrirhugaðar athuganir. Í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun var gerð grein fyrir fyrirhuguðum athugunum varðandi loftmengun, hljóðstig, grunnvatn og fornleifar. Skipulagsstofnun bendir á varðandi hljóðstig að nauðsynlegt er að gera grein fyrir ástandi skömmu eftir að framkvæmdum er lokið, en ekki einvörðungu spá um núverandi hljóðstig og hljóðstig fyrir árið 2024. Í því sambandi er bent á drög að leiðbeiningum á meðfylgjandi blaði *Mat á áhrifum vegaf framkvæmda í þéttbýli á hljóðstig*. Hvatt er til þess að drögunum verði fylgt eftir því sem við á.

Afrennsli af vegum.

Nauðsynlegt er að gera sérstaka grein fyrir afrennsli af vegum. Í matsskýrslu ber að gera grein fyrir því hvert afrennslinu verður veitt og hver verði umhverfisáhrif þess. Ef fyrirhugað er að veita því í yfirborðslæki eða ár, ber að gera grein fyrir því hvort þörf sé á sérstökum aðgerðum til að draga úr mengun af völdum þess.

Fornleifar

Þjóðminjasafnið benti á í umsögn sinni að við kirkjugarðinn í Hafnarfirði eru mannvirki og minjar tengdar kálgörðum og fjárbúskap í Öldum. Þessar minjar teldust ekki til fornleifa og nytu því ekki verndar. Engu að síður beindi Þjóðminjasafnið þeim eindregnu tilmælum til framkvæmdaraðila að þær yrðu mældar nákvæmlega og kortlagðar ef ákveðið yrði að raska þeim.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram, án rökstuðnings, að hvorki séu uppi áform af hálfu framkvæmdaraðila um að mæla né kortleggja þessar minjar, en þær munu raskast verulega við framkvæmdirnar.

Skipulagsstofnun tekur undir með Þjóðminjasafni Íslands og hvetur til að farið verði að tilmælum safnsins. Nauðsynlegt er að afstaða framkvæmdaraðila til þessa komi skýrt fram í matsskýrslu.

Staða skipulags


Breyta þarf Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 á þann veg að í stað þess að skipulagi sé frestað í núverandi veglínu Reykjanesbrautar frá mörkum Garðabæjar að Kaldárselsvegi verði sýnd stofnbraut á þeim stað sem henni er ætlað skv. tillögunni. Í þeim tilvikum sem brautin eða framkvæmdir tengdar henni eru í ósamræmi við gildandi deiliskipulag þarf að ganga frá breytingum á því.

Kynning á matsskýrslu

Skipulagsstofnun minnir á fyrri tilmæli þess efnis að framkvæmdir við Reykjanesbraut frá Fífuhvamsvegi að Álftanesvegi og þaðan að Ásbraut verði kynntar samtímis. Skipulagsstofnun telur að markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum verði best náð með því að fjallað sé samtímis um báða kaflana.



Þóroddur F. Þóroddsson



Sigurður Ásbjörnsson

Afrit :

VST/Ólöf R. Káradóttir, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu, Náttúruvernd ríkisins og Þjóðminjasafn Íslands.